

Miðvikudaginn 3. apríl 1935.

Nr. 23/1935. **Réttvísinn og valdstjórnin**

(Sveinbjörn Jónsson)

gegn

Aage Kristen Pedersen

(Einar B. Guðmundsson).

Brot g. 200. gr. alm. hegningarl.

Dómur aukaréttar Reykjavíkur 14. jan. 1935: Ákærði, Aage Kristen Pedersen, á að vera sýkn af ákæru réttvísinnar í máli þessu, en greiði fyrir brot gegn lögum nr. 70, 1931, 40 króna sekt til rikissjóðs innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa, en ella komi i stað sektarinnar einfalt fangelsi í 3 daga.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar þar á meðal 50 krónur til skipaðs verjanda síns, hrm. Guðmundar Ólafssonar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Eftir prófun málsins hefir barnið, sem varð fyrir bifreið þeirri, sem ákærði stýrði, annaðhvort verið í sandhrúgunni, þegar ákærði byrjaði að aka bifreiðinni aftur á bak, eða það hefir gengið þangað frá timburhlaðanum, meðan ákærði var að setja bifreiðina á stað eða aka henni aftur á bak að sandhrúgunni. Ef barnið hefir verið á sandhrúgunni, þá hefði ákærði átt að sjá það úr afturrúðu bifreiðarinnar, nema bifreiðin hafi byrgt honum útsýn þangað. Ef svo hefði verið, þá hefði ákærði ekki átt að setja bifreiðina á stað fyrr en hann hefði fullvissað sig um, að það var óhætt, annaðhvort með því að fara út úr bifreiðinni eða með því að kalla til verkstjórans, sem var sand-

hrúgumegin við bifreiðina. En hvorugt þetta gerði ákærði né heldur gaf hann hljóðmerki. En ef barnið hefir gengið frá timburhlaðanum yfir í sandhrúguna, meðan ákærði var að setja bifreiðina á stað eða aka henni að hrúgunni, þá hefði hann getað séð það, ef hann hefði litið út um hliðarrúðuna á bifreiðinni þeim megin. En það virðist ákærði ekki hafa gert. Hann virðist því ekki hafa sýnt þá varkárni, sem skylt var og unnt var að viðhafa. Því verður að telja, að ákærði hafi orðið orsök í slysinu sakir skorts á nægilegri varkárni. Hefir hann þar með gerzt sekur um brot, er varðar við 200 gr. almennra hegningarlaga. En með tilliti til þess, að ákærði hafði allmikla ástæðu til að treysta því, að verkstjórinn hefði fulla gæzlu á því, að óhætt væri að aka bifreiðinni aftur á bak, þykir refsing ákærða fyrir brot hans hæfilega ákveðin 50 króna sekt í rikissjóð, og komi 4 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá því að honum verður tilkynnt, að refsíákvæði dóms þessa verði fullnægt, ef því verður að skipta. Með tilliti til þess, að óvarkárni ákærða virðist hafa verið á lágu stigi og að hann er ungur maður, sem ekki hefir áður orðið brotlegur við landslög, þykir mega ákveða frestun á fullnustu refsingarinnar samkvæmt lögum nr. 57/1933, og niður skal hún falla innan 5 ára, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Það er að visu upplýst í málinu, að fóthemill bifreiðarinnar var í slakara lagi. Eigandi hennar hafði ekið henni sjálfur um morguninn sama daginn sem slysið varð og þá orðið þess var, að hemill þessi var í við slakur. Og hins sama hafði ákærði einnig orðið var. En þess hefir ekki orðið kostur

að upplýsa það, hvort þessi brestur hafi verið það verulegur, að hættulegt hafi verið að nota bifreiðina, enda var handhemillinn í góðu lagi. Það verður eins og á stóð, ekki talið ákærða til refsingar, þótt hann neitaði ekki að taka við stjórn bifreiðarinnar úr höndum eiganda hennar, og verður því að sýkna hann af kærnum valdstjórnarinnar í máli þessu.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Svo verður að dæma ákærða til að greiða allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda í hæstarétti, 100 krónur til hvors.

Því dæmist rétt vera:

Ákærði, Aage Kristen Pedersen, greiði 50 króna sekt í ríkissjóð, og komi 4 daga einfalt fangelsi í stað sektarinnar, ef hún greiðist ekki innan 4 vikna frá því, er honum verður tilkynnt, að refsíákvæði dóms þessa verði fullnægt, ef því verður að skipta. En fresta skal fullnustu refsingarinnar og niður skal hún falla að 5 árum liðnum, ef skilorð laga nr. 39/1907 verða haldin.

Ákvæði hins áfrýjaða dóms um greiðslu sakarkostnaðar í héraði á að vera óraskað. Svo greiði ákærði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin málflutningslaun skipaðs sækjanda og verjanda fyrir hæstarétti, hæstaréttarmálflutningsmannanna Sveinbjarnar

Jónssonar og Einars B. Guðmundssonar, 100 krónur til hvors.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er höfðað gegn Aage Kristen Pedersen, bifreiðarstjóra, til heimilis á Nýlendugötu 19 hér í bænum, af réttvísinnar hálfu fyrir brot gegn 17. kapitula hinna almennu hegningarlaga frá 25. júní 1869 og af valdstjórnarinnar hálfu fyrir brot gegn lögum nr. 70, 1931, um notkun bifreiða, og lögreglusamþykkt fyrir Reykjavík nr. 2 frá 7. janúar 1930.

Ákærði er kominn yfir lögaldur sakamanna, er fæddur 4. júní 1912. Hann hefir aldrei áður svo kunnugt sé sætt ákæru eða refsingu.

Hinn 19. sept. s. l. vann ákærði að því að aka sandi á bifreiðinni R.E. 79 að húsum, sem þá var verið að byggja á horni Ásvallagötu og Blómvallagötu. Klukkan rúmlega 10 árdegis þann dag ók ákærði með sandhlass að byggingu þessari. Ók hann suður Blómvallagötuna, stöðvaði á móts við bygginguna og sneri afturenda bifreiðarinnar að sandhrúgu, sem safnað hafði verið að byggingunni. Kveðst ákærður nú hafa litið aftur fyrir bifreiðina í aðgæzluskyni um glugga, sem var aftan á stýrishúsinu og sá hann þá ekkert athugavert afturundan. Hinsvegar sá hann að byggingarmeistarinn, Ingibergur Þorkelsson, stóð á sandhrúgunni aftur undan bifreiðinni. Með því nú að ákærði eigi sá neitt varhugavert aftur undan bilnum, jafnframt því, sem hann treysti því, að byggingarmeistarinn mundi gera sér aðvart, ef eitthvað væri athugavert, þá ók hann bifreiðinni aftur á bak áleiðis upp á sandhrúguna án þess að spyrjast fyrir, hvort hættulaust væri, og án þess að gefa nokkurt merki til viðvörunar um, að hann æki aftur á bak. Er ákærði hafði ekið nokkuð þannig, heyrði hann Ingiberg kalla fyrir aftan bifreiðina. Skildi ákærði það svo, að hætta væri á ferðum, og stöðvaði hann þá bifreiðina með því að beita bæði fót- og handhæmlum. Virðist bifreiðin hafa stöðvazt mjög fljótt. En þá hafði 7

ára gömul telpa, Halldóra Jörgensen, orðið fyrir bifreiðinni með þeim afleiðingum, að hún beið þegar bana. Varð telpan fyrir hægra afturhljóli bifreiðarinnar, sem fór yfir hana. Samkvæmt vottorði dr. Halldórs Hansen, sem liggur fyrir í málinu, var banameinið hauskúpabrot (fractura baseos cranii).

Ingibergur Þorkellsson, byggingarmeistari, hefir undir rannsókn málsins verið leiddur sem vitni. Kveðst hann hafa verið nærstaddur er ákærður ók að byggingunni umrætt skipti, og hefir hann lýst nánari aðdraganda að slysinu og slysinu sjálfu eins og nú skal greina. Um leið og ákærði ók að byggingunni, sneri hann bifreiðinni þannig, að hún var um það bil þversum á götunni og vissi afturendinn að umræddri sandhrúgu. Á sandhrúgunni afturundan bifreiðinni voru tvö börn, sem vitnið óttaðist að kynnu að verða fyrir bifreiðinni. Fór vitnið því upp á sandhrúguna og tók börnin og bar þau í burtu. Á leiðinni burtu með börnin sneri vitnið baki við bifreiðinni, en um leið og það lét börnin frá sér sneri það við og varð litið í áttina til bifreiðarinnar. Sá vitnið þá, að litið telpa lá á hnjúnum og sneri baki að bifreiðinni, sem nú var komin á ferð afur á bak og átti aðeins eitt til tvö fet ófarin að telpunni miðað við afturhjólin, og var vörupallur bifreiðarinnar þegar kominn yfir hana. Með því að það var eigi á færi vitnisins að forða telpunni, þá kallaði það til bifreiðarstjórans að nema staðar, sem hann þá gerði, en þá hafði hægra afturhljólið farið yfir telpuna, og virtist vitninu hún dáin, þegar það tók hana upp. Kveður vitnið ákærða hafa ekið aftur á bak án þess að gefa nokkurt merki þar um og án þess að spyrja vitnið hvort hættulaust væri. Vitnið kveður telpuna hafa orðið fyrir slysinu rétt á sama stað og umrædd börn voru, er það tók þau, og telur vitnið því, að telpan hafi komið á þennan stað eftir það. Um það, hvort bifreiðin var komin af stað aftur á bak, er vitnið tók umrædd börn frá, kveðst það eigi geta sagt með vissu, en segist eigi muna betur en að hún þá væri kyr.

Vitnið Krístrún Guðnadóttir kveðst hafa verið statt í stofu á neðri hæð hússins á Ásvallagötu 14, og þaðan séð út um glugga, að telpan sem fyrir slysinu varð, gekk frá timburhlaða, sem var vestan við umrædda nýbyggingu,

upp í sandhrúguna og settist þar og fór að leika sér í sandinum. Kveðst vitnið hafa horft á telpuna þannig án þess að verða bifreiðarinnar vart, en þá alveg í sömu andráníni séð bifreiðina aka aftur á bak að telpunni, sem sneri baki að bifreiðinni. Skipti það síðan engum togum, að bifreiðin fór yfir telpuna, en stöðvaðist þá rétt um leið.

Vitnið Gunnar Gunnarsson, verkamaður, sem stóð vestan við nýbygginguna, kveðst hafa litið upp, er það heyrði Ingiberg kalla. Sá vitnið þá, að bifreiðin var á ferð aftur á bak og að telpan lá að minnsta kosti á öðru hnénu og sneri baki að bifreiðinni í ca. tveggja feta fjarlægð frá hægra afturhjólinu, sem síðan rann yfir telpuna, en þá stöðvaðist bifreiðin.

Eftir slysið var bifreiðin losuð á staðnum og síðan að tilhlutun eiganda hennar, Þorkels Ingibergssonar, flutt á verkstæði til viðgerðar. Lögreglunni var eigi gert kunnugt um slysið fyrr en kl. 12 á hádegi, og var það þá dr. Halldór Hansen sem tilkynnti það. Er lögreglan síðan kom á staðinn til rannsóknar, voru vegsummerki öll afmáð, með því að vinnu hafði verið haldið áfram og gengið um eftir þörfum. Á verkstæðinu hafði bifreiðin verið tekin í sundur og var því eigi hægt að prófa hemlana. Eigandi bifreiðarinnar segist hafa ekið bifreiðinni morguninn, sem slysið vildi til, og fannst honum þá hemlarnir ivið slakir, og ætlaði hann því, er hann eftir slysið flutti bifreiðina á verkstæðið, að fá í hana nýja hemilborða. Ákærði telur fóthemla bifreiðarinnar eigi hafa verið í góðu lagi, er slysið vildi til, en handhemillinn hafi hinsvegar verið það. Zophonias Baldvinsson, sem athugaði bifreiðina á verkstæðinu eftir slysið, segir í vottorði, sem liggur fyrir í málinu, að hemlaskálarnar hafi verið of slitnar, til þess að hemlurnar gætu verkað vel, en jafnframt tekur hann fram, að hemlar geti verkað sæmilega, er ekið sé aftur á bak, enda þótt þeir séu ónothæfir, er ekið sé áfram.

Ákærði hefir, eins og áður greinir, skýrt svo frá, að hann hafi litið aftur fyrir bifreiðina, áður en hann ók bifreiðinni aftur á bak, og kveðst hann þá hafa haft yfirsýn yfir stað þann, er telpan var á, er hún varð fyrir slysinu, og telur hann því víst, að telpan hafi komið þang-

að, eftir að hann setti bifreiðina á ferð aftur á bak. Þessum framburði ákærða er ekki hnekktt með gögnum þeim, sem fram hafa komið í málinu. Það þykir því eigi sannað, að aðstæður hafi verið þannig, að ákærður verði sakfelldur fyrir að aka bifreiðinni afur á bak eins og áður er lýst, enda þótt hann eigi gæfi viðvörunarmerki. Hinsvegar verður að telja sannað, að hemlar bifreiðarinnar hafi verið í því ólagi að refsingu varði samkvæmt 3. gr. 2. mgr. 1. tölulið, sbr. 14. gr. laga nr. 70 1931, um notkun bifreiða. Það verður þó eigi talið sannað, að þessi ágalli á hemlunum hafi verið orsök til slyssins, og ber því að sýkna ákærða af ákæru réttvisinnar í máli þessu.

Fyrir framangreint bifreiðalagabrot þykir refsins ákærða hæfilega ákveðin 40 króna sekt til ríkissjóðs, og komi einfalt fangelsi í 3 daga í stað sektarinnar, verði hún ekki greidd innan 4 vikna frá lögbirtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar, þar á meðal 50 krónur í málsvarnarlaun til skipaðs talsmanns síns, lrm. Guðmundar Ólafssonar.

Rekstur málsins hefir verið vitalaus.

Föstudaginn 5. apríl 1935.

Nr. 10/1935. **Valdstjórnin** (Bjarni Þ. Johnson)
gegn

Sigfúsi Gunnlaugssyni

(Th. B. Lindal)

Sýknun.

Dómur lögregluréttar Reykjavíkur 14. nóv. 1934: Kærður, Sigfús Gunnlaugsson, greiði 100 króna sekt til ríkissjóðs.

Sektin greiðist innan mánaðar frá lögbirtingu dóms þessa, en afplánist ella með einföldu fangelsi í 10 daga.

Kærður skal sviptur leyfi til að stjórna bifreið í 3 mánuði frá uppkvaðningu dóms þessa.

Loks greiði kærður allan kostnað sakarinnar, þar á